

# Lokaskýrsla til erfðanefndar landbúnaðarins

Svalbarðsskóli 15. janúar 2019

## Uppgjör athugunar á erfðum forystufjár í Norður-Pingeyjarsýslu gagnvart riðu.

Á síðastliðnu ári sóttu Fræðasetur um forystufé og Áhugamannafélag um forystufé í sameiningu um styrk til Erfðanefndar landbúnaðarins til að láta greina arfgerðir forystufjár í Norður-Pingeyjarsýslu með tilliti til viðkvæmni við riðu.

Ákveðið var að sameina þennan styrk og styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem veittur hafði verið sömu aðilum til að skrásetja forystufé á þessu svæði. Þannig var hægt að sameina þetta tvennt og spara þar með peninga eða öllu heldur var hægt að gera meira fyrir báða styrkina.

Samið var við Matís um að greina sýnin fyrir okkur. Við fengum send sýnaglös og leiðbeiningar um sýnatöku. Sýnin voru tekin sem stök úr nös á kind. Daníel Hansen og Anna Englund önnuðust sýnatökuna og skráningu. Allar kindur voru skráðar samkvæmt þeim númerum sem voru í eyrum þeirra og ekki borið saman við þær skráningar sem eru í Fjávís. Ýmislegt kom í ljós við sýnatökurnar og skráningar sem getið verður hér á eftir.

Stroksýni voru tekin úr 204 einstaklingum og þau greind, þar af voru 21 hrútur, hitt voru ær og gimbrar. Elstu ærinar sem tekið var sýni úr voru fæddar 2006 en þær voru 3. Lömb á fyrsta vetri voru 52. Ekki voru tekin sýni úr sauðum. 26 sýni voru greind tvisvar til að tryggja að þau væru rétt greind. Þetta voru sýni úr hrútum og úr þeim ám sem greindust með arfhreinu arfgerðina gegn riðu annars vegar og hins vegar var aftur greint úr þeim sem voru arfhreinar fyrir áhættuarfgerðinni.

Við það að skoða tölur kom eftirfarandi í ljós:

- a. Ekki er munur á arfgerð forystufjár miðað við staðsetningu þeirra innan svæðisins enda hafa menn flutt hrúta fram og aftur um svæðið til að koma í veg fyrir mikla skyldleikarækt.
- b. Þegar skoðað hvort einhver munur er milli aldurs fjár komur það í ljós að enginn munur er þar á. Arfgerðirnar dreifast um allan aldur.

- c. Af hrútunum voru 8 lambhrútar af þessum 21 hrút á svæðinu. Margir nota lambhrúta einn vetur og gelda þá svo. Fullorðnir forystusauðir eru til á mörgum bæjum og notaðir við að leita að blæsmum og við rekstur og smalamennskur vor og haust. Víða eru þeir sem gæludýr.
- d. Það kom í ljós í samtölum við fólk að oft lætur það gamlar forystuær ekki bera, nota þær við rekstur og smalamennskur.

#### Eftirfarandi niðurstöður komu í ljós:

A/A, H/H - arfhrein fyrir þolnu arfgerðinni, 1 kind.

A/A, R/H - arfblendnar fyrir þolnu arfgerðinni, 16 kindur.

A/A, R/R – arfhreinar fyrir hlutlausu arfgerðinni, 42 kindur, þar af 6 hrútar.

A/V, R/H - arfblendnar fyrir áhættu og þolnu arfgerðinni, 20 kindur, þar af 5 hrútar

A/V, R/R – arfblendnar fyrir áhættuarfgerðinni, 121 kind, þar af 9 hrútar.

V/V, R/R – arfhreinar fyrir áhættuarfgerðinni, 4 kindur, þar af 1 hrútur.

Þegar niðurstöður voru ljósar var sent bréf í nóvember til allra fjáreigenda með upplýsingum um arfgerð þeirra kinda. Auk þess var sendur listi yfir þá hrúta í héraðinu sem eru æskilegir til notkunar með tilliti til arfgerðar gagnvart riðu. Á listanum eru 8 hrútar og eru þeir staðsettir beggja megin við Fjallgarðinn. Af þeim átta var búið að arfgerðagrein tvo þeirra áður. Þetta voru upplýsingar sem bændur geta notað eins og þeir vilja. Margir bændur hafa nýtt sér þessar upplýsingar hvað varðar hrútanotkun, hafa sagst ætla að setja kjöthrúta á þær ær sem ekki eru æskilegar til framræktunar.

Af þeim tölum sem koma fram hér að framan má sjá að stór hluti forystufjárstofnsins virðist hafa viðkvæmaarfgerð gegn riðusmiti. Samkvæmt þeim tölum sem koma fram í rannsókninni á þessu svæði má lesa út að allur stofn forystufjár í landinu hafi svipaða arfgerð. Það er vegna þess að allt forystufé í landinu er ættað úr Norður-Þingeyjarsýslu. Einnig eru keypt mörg líflömb af svæðinu á hverju ári og þá fara reglulega af svæðinu hrútar á sæðingastöð. Forvitnilegt væri að skoða fé í hjörðum þar sem sæðingar hafa verið stundaðar í einhverja ættliði og sjá hvort val á hrútum á sæðingastöðvar hafi skilað árangri þar sem hrútar með áhættuarfgerð eru ekki teknir á sæðingastöð.

Varðandi skráningu á forystufé þá kom það í ljós að víða er það ekki í Fjávís og þar með ekki vitað hvort það eru blendingar eða hreint forystufé. Farið var eftir því sem eigendur fjárens sagði um hreinleika þess og aðeins tekið úr hreinum kindum. Allmikið er af blendingum um allt héraðið og segja bændur að sumt sé skráð sem forystufé og annað ekki. Við erum ekki með aðgang að Fjávís svo við gátum ekki farið yfir þessar skráningar. Allar niðurstöður hafa verið sendar til Erfðanefndar landbúnaðarins og eru skráðar þar. Þónokkur vinna er eftir við að finna út úr ætterni þeirra kinda sem ekki eru í gagnagrunninum. Ef vel á að vera þarf allt forystufé í

landinu að vera skráð í sér gagnagrunn. Það er algjört skilyrði þess að við getum haldið þessum einstaka stofni sér og stuðlað að því að hann varðveitist hreinn.

Tillögur okkar eru þær að gerður verði sér gagnagrunnur fyrir forystufé, er reyndar til inn í Fjárvís. Þessi gagnagrunnur þarf að vera gjaldfrjáls og skylda að hafa forystufé inni í honum. Allir eiga að geta farið inn í hann og skoðað hvar til eru forystukindur og hvert er ætterni þeirra. Almennigur á ekki að hafa aðgang þannig að hann geti hreyft við nokkru í gagnagrunninum, aðeins skoðað. Eigendur gagnagrunnsins hafa aðgang til að skrá og yfirfara hann.

Virðingarfyllt

Daníel Hansen